



Ársskýrsla 2022



© Ársskýrsla 2022

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2023

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65a, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Rafræn pdf. útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: www.hsl.is

Forsíðumynd: Fjallaskáli á Suðurlandi

EFNISYFIRLIT

Stjórnskipan og hlutverk	5
Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026	6
Skipulag heilbrigðiseftirlits og verkefni	7
Samstarf við UST og MAST o.fl.	8
Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2022	9
Kvartanir og ábendingar	9
Starfsfólk	9
Starfsleyfi og skráning	10
Málaskrá og skjalavarsla	10
Innra starf	11
Reglubundið eftirlit	11
Eftirlitskerfið Ísleyfur	13
Sýnataka og niðurstöður	14
Hollustuhættir	16
Fjallaskálar	16
Sundstaðir	16
Matvæli	17
Helstu verkefni heilbrigðiseftirlits í matvælaeftirliti:	17
Vöktun neysluvatns	18
Áhættumat fyrir neysluvatn	18
Efnagreiningar á neysluvatni	19
ESA úttektir	19
Umhverfis- og mengunarvarnir	20
Starfsleyfisútgáfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði	20
Lóðir og lendur	20
Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða	21
Vöktun loftgæða	22
Vatnaáætlun 2022-2027	24
Fráveitumál	24
Hreinsun skólps	24
Vöktun á viðtaka	26
Fjármál og rekstur	27
Lokaorð	29

Myndaskrá

Mynd 1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands ásamt starfsfólki í vettvangsferð í Kerlingarfjöllum haustið 2022.....	6
Mynd 2. Skipting heilbrigðiseftirlitssvæðanna, sjá https://shi.is/	7
Mynd 3. Fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta í stjórnsýslunni	8
Mynd 4. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	9
Mynd 5. Skipulagsumsagnir eftir sveitarfélögum	11
Mynd 6. Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja samanburður sl. 17 ár	12
Mynd 7. Eftirlitsheimsóknir og samanburður milli ára	13
Mynd 8. Álagsdreifing eftirlits eftir mánuðum og tilefni eftirlits	13
Mynd 9. Álagsdreifing eftirlits og skipting eftir málaflokkum	13
Mynd 10. Samanburður allra sýna eftir árum.....	14
Mynd 11. Skífurit yfir niðurstöður baðvatnssýna.....	15
Mynd 12. Skífurit yfir niðurstöður neysluvatnssýna.....	15
Mynd 14. Merkingar fyrir óneysluhæft vatn í fjallaskála.....	16
Mynd 15. Öryggismerkingar í sundlaug.....	16
Mynd 16. Merkingar á vatnsverndarsvæði.....	17
Mynd 17. Samanburður niðurstaðna neysluvatns milli ára	18
Mynd 18. Heildarúttektir neysluvatns með efnagreiningum.....	19
Mynd 19. Yfirlit yfir fjölda mála um tiltekt á lóðum og lendum skipt eftir sveitarfélögum	20
Mynd 20. Álímd bílflok og lausamunir.....	21
Mynd 21. Vöktun brennisteinsvetnis vegna jarðvarmavirkjana á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.....	22
Mynd 22. Samanburður ármeðaltals H ₂ S mælinga milli ára	23
Mynd 23. Útrás í sjó.....	25
Mynd 24. Sýnataka á yfirborðsvatni	26
Mynd 25. Bein framlög sveitarfélaga til rekstar 2022.....	27
Mynd 26. Fjárhagsáætlun, eftirlitsgjöld og hlutfall framlaga sveitarfélagann	27
Mynd 27. Helstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. ársreikningi	28

Töfluskrá

Tafla 1. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa 2022	7
Tafla 2. Ný mál eftir helstu málaflokkum	10
Tafla 3. Lokin mál eftir helstu málaflokkum.....	10
Tafla 4. Sýnatökur flokkaðar.....	14

Stjórnskipan og hlutverk

Rekstur heilbrigðiseftirlits er lögbundið verkefni sveitarfélaganna sem að því standa skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar“. Embættið starfar jafnframt samkvæmt samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nr. 1270/2021.

Heilbrigðisnefndin er stjórnvaldið skv. áðunefndum lögum og starfa heilbrigðisfulltrúar í umboði hennar. Markmið skv. lögnum er: „...að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Jafnframt er markmið laganna að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.“ Seinni hluti markmiðanna kom inn sem lagabreyting nr. 66/2017 á lögum nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL) er rekið sem byggðarsamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi og hefur starfað með þessu sniði síðan 1. janúar 1984. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. er haldinn árlega í tengslum við ársþing SASS, venjulega í síðustu viku október. Þar eiga aðildarsveitarfélögin fulltrúa í samræmi við samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Samþykktin var birt í Stjórnartíðindum 2021 en er einnig hægt að finna á heimasíðu HSL, sjá slóð: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=196834fc-7717-42a2-8eeb-da962e3c8d1f>. Í samþykktinni segir í gr. 1.2: „Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. í samræmi við eignarhluta. Eignarhluti hvers sveitarfélags í byggðasamlaginu skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags sem miðast við þann fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.“ Og í gr. 1.3, 1. mgr. í samþykktinni segir: „Um fyrirkomulag stjórnar, starfsmanna, starfssvæðis og framkvæmd starfseminnar fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Um fjármál og stjórn-sýslueftirlit gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en auk þess ber byggðasamlaginu að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga s.s. ákvæðum stjórn-sýslu-laga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.“

Á fyrsta aðalfundi eftir sveitarstjórnarkosningar eru kosnir fimm fulltrúar í Heilbrigðisnefnd til fjögurra ára í senn og fimm fulltrúar til vara. Samtök atvinnurekenda á svæðinu eiga jafnframt einn fulltrúa í nefndinni og einn til vara.

Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru:

- | | |
|---------------------------------|--|
| • Ásahreppur | www.asahreppur.is |
| • Bláskógabyggð | www.blaskogabyggd.is |
| • Flóahreppur | www.floahreppur.is |
| • Grímsnes- og Grafningshreppur | www.gogg.is |
| • Hrunamannahreppur | www.fludir.is |
| • Hveragerðisbær | www.hveragerdi.is |
| • Mýrdalshreppur | www.vik.is |
| • Rangárþing eystra | www.hvolsvollur.is |
| • Rangárþing ytra | www.ry.is |
| • Skaftárhreppur | www.klaustur.is |
| • Skeiða- og Gnúpverjahreppur | www.skeidgnup.is |
| • Sveitarfélagið Árborg | www.arborg.is |
| • Sveitarfélagið Ölfus | www.olfus.is |
| • Vestmannaeyjabær | www.vestmannaeyjar.is |

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026

Formaður:	Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Varaformaður:	Páll Tómasson, Mýrdalshreppi Kjartan Þ. Ólafsson, Sveitarfélaginu Ölfusi Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg Örn Friðriksson, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda:	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Varamenn eru:	Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppi Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbæ Arna Huld Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Varafulltrúi atvinnurekenda	Sigurður Rafn Hilmarsson

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt 9 fundi árið 2022, auk aðalfundar HSL sem var haldinn í október, samhliða ársþingi SASS að Hótel Höfn. Fundargerðir eru birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins www.hsl.is.



Mynd 1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands ásamt starfsfólki í vettvangsferð í Kerlingarfjöllum haustið 2022

Skipulag heilbrigðiseftirlits og verkefni

Heilbrigðiseftirlitssvæðin 9 hafa með sér formleg samtök í þeim tilgangi að efla samstarf sín á milli sem bera heitið: „Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi“ (SHÍ). Í þessum samtökum eiga sæti formenn allra heilbrigðisnefndanna og framkvæmdastjórar svæðanna. Heimasíða SHÍ www.shi.is er til að auðvelda almenningi og öðrum að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Á flestum tilfellum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi.



Mynd 2. Skipting heilbrigðiseftirlitssvæðanna, sjá <https://shi.is/>

Þó er Reykjavík undantekning með sér embætti heilbrigðiseftirlits og stendur borgin ein að rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í töflu 1 hér að neðan er listað upp til fróðleiks, fjöldi heilbrigðisfulltrúa á öllum svæðunum í árslok 2022.


Heilbrigðisfulltrúar hafa jafnframt með sér óformlegri samvinnu í einstaka málum og málaflokkum og er þar um að ræða náið og gott samstarf sem er oft til að einfalda flóknar afgreiðslur mála.

Tafla 1. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa 2022

Heilbrigðiseftirlitssvæði	samtals	karlar	konur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	24	10	14
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF)	13	7	6
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	4	2	2
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	2	1	1
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4	3	1
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	6	2	4
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	8	2	6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	5	4	1
	68	33	35

Samstarf við UST og MAST o.fl.

Að jafnaði eru tvisvar á ári skipulagðir sameiginlegir samræmingar- og samstarfsfundir með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, ásamt tilheyrandi ráðuneytum með vísun í mynd 3 hér að neðan þar sem fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits í stjórnsýslunni kemur fram. Á vorin eru það framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna sem funda ásamt yfirstofnunum, en á haustin eru allir heilbrigðisfulltrúar boðaðir til fræðslu og samræmingarfundar.



Mynd 3. Fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta í stjórnsýslunni

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á sviði hollustuhátta, umhverfis- og mengunarvarna (51. gr. laga nr. 7/1998) og einnig efnavörueftirlits (5. gr. efnavörulaga nr. 61/2013). Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Það er annars vegar Umhverfisgæðahópurinn sem hefur verkefni á sviði umhverfis- og mengunarvarnaeftirlits og hins vegar Hollustuháttahópurinn sem hefur tilsvarende verkefni á sviði hollustuhátta, sem er fjölbreytt starfsemi s.s. gististaðir, sund- og baðstaðir, snyrtistofur og heilbrigðisstofnanir. Báðir hópar funda að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímam. Heilbrigðisfulltrúar taka jafnframt

fullan þátt í uppfærslu á samræmdum starfsleyfisráðum og skráningarskýrðum (starfskýrðum) sem Umhverfisstofnun birtir á

heimasíðu, sjá slóð á heimasíðu Umhverfisstofnunar: www.ust.is

Umhverfisstofnun hefur hlutverki að gegna varðandi skráningarreglugerðina sem tók gildi 15. nóvember 2022 en með henni voru tilteknir fyrirtækjaflokkar gerðir skráningarskyldir í stað starfsleyfis skyldu. Listinn kemur fram í reglugerð nr. 830/2022 sjá heimasíðu HSL: <https://hsl.is/frettir/skraningarskyld-starfsemi/> Kröfur varðandi aðbúnað, húsnæði og innra eftirlit er með sama hætti og ef um starfsleyfi væri að ræða, eftirlit heilbrigðiseftirlitsins er með sama hætti og áður. Markmið breytingarinnar var m.a. að: „bæta viðmót, einfalda aðgengi að stjórnsýslu og auka skilvirkni með því að taka upp skráningu atvinnurekstrar í miðlæga rafræna gátt í stað starfsleyfis skyldu þar sem við á.“

Skráningin fer fram í gegnum island.is - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um eftirlitið eftir sem áður.

Matvælastofnun hefur með sambærilegum hætti yfirumsjón samkvæmt matvælalögum nr. 93/1995 með opinberu matvælaeftirliti í landinu – eins og m.a. segir í 22. gr. laganna: „...og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming opinbers eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.“ Í yfirumsjón MAST felst jafnframt að sjá um útgáfu leiðbeininga, skipulagningu eftirlitsverkefna á landsvísu og með vinnu í samstarfshóp sem kallast í daglegu tali „Matvælahópurinn“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum af öllu landinu og fundar reglulega. Verkefnin eru samræming eftirlits og gerð leiðbeininga í samstarfi við Matvælastofnun. Eftirlitshandbók við matvælaeftirlit er jafnframt hluti af samræmingu heilbrigðiseftirlits á landsvísu. Heimasíða Matvælastofnunar er: www.mast.is

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2022

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfisskyld starfsemi er t.d. sala gistingar í fjallaskálum og einstaka veitingastaðir. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Sjá mynd 4.

Í þessum kafla er farið yfir helstu verkefni og tölfræði ársins 2022.

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

- Reglubundið eftirlit, leyfisveitingar og skráning.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.
- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa og til Skipulagsstofnunar.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun og álímingar á bílflök og lausamuni.
- Skráning og skjalavistun á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Kvartanir og ábendingar

Á heimasíðunni www.hsl.is er auðveld leið fyrir almenning að setja fram ábendingar og kvartanir. Það er skilvirk leið til að koma slíku á framfæri og er æskilegt að kvartanir séu skriflegar til að tryggja að þær skili sér. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana með skriflegum hætti gegnum heimasíðu.

Starfsfólk

Aðalskrifstofa Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er á Austurvegi 65a, Selfossi

Útibú er að Ægisgötu 2, Vestmannaeyjum.

Starfsmenn embættisins eru:

Ágúst Óskar Sigurðsson, heilbrigðisfulltrúi
Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi - með aðsetur í Vestmannaeyjum
María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi
María Bjarnadóttir, heilbrigðisfulltrúi
Rán Sturlaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi
Reynir Freyr Jakobsson, heilbrigðisfulltrúi
Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri og heilbrigðisfulltrúi
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

Sumarstarfsmaður 2022 var Jóhanna Margrét Haraldsdóttir.

Bókhald, símsvörin o.fl. er samkvæmt samningi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Pricewaterhouse Coopers (PWC) sér um endurskoðun reikninga fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.



Mynd 4. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Starfsleyfi og skráning

Útgáfa starfsleyfa og skráning á eftirlitsskyldri starfsemi er samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir annars vegar og lögum um matvæli hins vegar. Ef fyrirtæki er með starfsemi samkvæmt báðum þessum lögum er samt sem áður einungis gefið út eitt leyfi sem byggir á báðum lögum. Áður en heilbrigðisfulltrúar geta tekið afstöðu til afgreiðslu starfsleyfis þarf að kanna hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag (6. gr. laga nr. 7/1998) og jafnframt að húsnaðið hafi hlotið samþykkt bygginganefndar. Vegna þessara skilyrða hefur fjöldi umsókna um gistileyfi verið hafnað, s.s. í orlofshúsabyggðum og í íbúabyggð, þar sem starfsleyfi frá HES er forsenda fyrir rekstrarleyfi. Heildarfjöldi útgefinna leyfa þ.e. starfsleyfa vegna matvæla- hollustuhátta og menunarvarnareftirlits sbr. ofangreint og tóbakssöluleyfa sbr. lög nr. 6/2002 var samtals 368 á árinu.

Málaskrá og skjalavarsla

Heilbrigðiseftirlit hefur lögbundnar skyldur um varðveislu skjala og er mikilvægur hluti starfseminnar. Embættið hefur einnig upplýsingaskyldu skv. upplýsingalögum nr. 140/2012 og stjórnsýslulögum og er það sífellt stærri málaflokkur í starfseminni.


Tafla 2. Ný mál eftir helstu málaflokkum

Mánuður / Tegund máls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Aturköllun leyfa	2	2	24	5	4	4	1	4	2	0	3	0	51
Almennt mál	20	12	16	8	11	20	14	15	19	10	18	11	174
Brennuleyfi	0	0	0	0	4	6	8	2	0	1	19	7	47
Beiðni um upplýsingar	3	0	4	3	7	5	4	11	4	10	5	2	58
Skipulag umsagnir	14	17	26	15	19	18	7	20	21	12	20	3	192
Starfsleyfi	46	27	31	11	29	45	26	35	40	21	28	14	353
Tóbakssöluleyfi	0	1	0	1	3	2	2	4	1	0	0	1	15
Tækifærisleyfi	0	0	7	7	11	7	18	5	2	3	1	9	70
Veitinga/gisti umsagnir	11	10	6	9	9	13	12	9	2	10	7	1	99
Samtals	96	69	114	59	97	120	92	105	91	67	101	48	1059

Tafla 3. Lokin mál eftir helstu málaflokkum

Mánuður / Tegund máls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Aturköllun leyfa	9	2	24	2	3	6	1	2	2	0	2	2	55
Almennt mál	22	16	23	4	22	17	5	10	9	5	25	33	191
Brennuleyfi	20	0	0	0	0	5	7	4	0	0	4	23	63
Beiðni um upplýsingar	5	16	23	4	22	17	5	10	9	5	25	33	174
Skipulag umsagnir	4	11	6	10	3	12	12	14	6	5	10	84	177
Starfsleyfi	49	27	46	18	19	36	31	25	22	33	35	25	366
Tóbakssöluleyfi	0	0	1	0	1	2	1	2	1	0	1	5	14
Tækifærisleyfi	1	1	5	6	6	6	18	6	3	2	6	11	71
Veitinga/gisti umsagnir	7	5	10	7	9	18	12	7	3	7	12	5	102
Samtals	117	78	138	51	85	119	92	80	55	57	120	221	1213

Í töflum 2 og 3 hér að framan má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna helstu mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á árinu 2022. Undir „Almenn mál“ heyra mál eins og beiðnir um undanþágur ýmsar kvartanir s.s. vegna raka og myglu í húsnæði, mál varðandi fráveitur og sorp svo eitthvað sé nefnt. Reglubundið eftirlit er almennt ekki talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu nema um sé að ræða beitingu þvingunarúrræða. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og sýna glögg að fjöldi útgefinna starfsleyfa var stærsti einstaki liðurinn á síðasta ári eða 353 útgefin starfsleyfi. Þar á eftir er sífellt umfangsmeira verkefni sem er umsagnir til skipulagsfulltrúa og til Skipulagsstofnunar vegna hvers konar skipulagsmála sem voru samtals 192 mál sem hófust á árinu, en úr töflunum má sjá að fjölda mála er ólokið sem var stofnað til í þeim flokki á árinu. Til frekari fróðleiks um skipulagsumsagnir embættisins er bent á mynd 5 hér að neðan þar sem fjölda umsagna er skipt niður á sveitarfélög, en í einstaka málum var um að ræða sameiginleg mál sem var þá sleppt í þessari samantekt. Þess má geta að fjöldi segir ekki allt, mjög mismunandi er hve mikil vinna liggur að baki hverri umsögn. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem falla undir bein framlög sveitarfélaganna en er ekki sérstaklega innheimt fyrir af hálfu HSL.



Mynd 5. Skipulagsumsagnir eftir sveitarfélögum

Innra starf


Heimasíða HSL www.hsl.is er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru fréttir og fræðsla um flest það sem snertir starfsemi. Þá er þar að finna skrá yfir alla starfsleyfis- og skráningarskylda starfsemi sem er í gildi hjá embættinu og er bein tenging inn í skráningarkerfið þannig að skráin er uppfærð jafnóðum og skráningar taka gildi. Umsóknir um starfsleyfi fara um þjónustugátt sem forráðamaður fyrirtækis skráir sig inn á með rafrænum skilríkjum fyrir hönd fyrirtækis/umsækjanda, en slóð á þjónustugáttina er á heimasíðu HSL. Er þar að finna mismunandi umsóknarform eftir eðli starfsemi vegna starfsleyfa, tóbakssöluleyfa o.fl. ásamt leiðbeiningum. Á heimasíðunni eru einnig birtar allar umsóknir vegna mengandi starfsleyfa jafnóðum og þær berst. Jafnframt eru auglýst þar starfsleyfisfiskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sem og öll útgefin leyfi ásamt greinargerðum skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit.

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2022 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1538 sem er skipt gróflega upp í þrjú svið: hollustuháttafyrirtæki, matvælafyrirtæki og mengandi fyrirtæki. Eftirlitsferðir vegna þeirra í

reglubundnu eftirliti voru skv. eftirlitsáætlun alls 1016. Til viðbótar reglubundnu eftirliti eru heimsóknir vegna nýrra umsókna, ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana. Skráðar eftirlitsferðir á árinu voru alls 1172 talsins. Mynd 6 á hér að neðan sýnir þróun í fjölda eftirlitsferða milli ára. Á mynd 6 má jafnframt sjá hvernig samsetning fyrirtækjaflokka hefur breyst í gegnum árin sem er vegna aukinnar ferðaþjónustu s.s. gistiþjónustu sem flokkast sem hollustuháttafyrirtæki, þ.e. bláu súlurnar á myndinni.

Undir hollustuháttafyrirtæki falla m.a. gististaðir, samkomustaðir, menntastofnanir, sund- og baðstaðir, náttúrulaugar, tjaldsvæði, snyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþróttastöðvar o.fl. Fjöldi fyrirtækja á sviði hollustuhátta var 804 í lok árs 2022.




Mynd 6. Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja samanburður sl. 17 ár

Í flokki matvælafyrirtækja eru stórelðhús á hótélum, veitingastöðum og vinnustöðum, neysluvatnsveitur, matvöruverslanir, framleiðsla matvæla s.s. bakarí o.fl. og ræktun og þökkun garðávaxta svo eitthvað sé nefnt. Í árslok 2022 var fjöldi fyrirtækja í þessum flokki 440, þar af er heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatnsveitna 144.

Á árinu 2022 voru 330 aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnarsviði sem eru t.d. bensínstöðvar, jarðvarmavirkjanir, bílaverkstæði, alifuglabú og fráveitumannvirki.


Eftir örlitla fækkun starfsleyfisskyldra fyrirtækja á árunum 2020 - 2021, sem er væntanlega samdráttur í ferðaþjónustu sem er hægt skrifa á COVID-19 heimsfaraldurinn, er hægt að greina aukinn heildarfjölda fyrirtækja á árinu 2022. Tíðni eftirlits fer eftir umfangi og eðli starfsemi og getur verið allt frá því að vera einu sinni á fjögurra ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð í einstaka fyrirtækjum.

Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fyrir fund heilbrigðisnefndar til kynningar í upphafi hvers árs er gerð áætlun um fjölda eftirlitsheimsókna í reglubundnu eftirliti á árinu. Í upphafi hvers árs liggja þannig fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum. Stefnt er að birtingu eftirlitsskýrsla samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og verður það vonandi að veruleika á næstunni.




Mynd 7. Eftirlitsheimsóknir og samanburður milli ára

Eftirlitskerfið Ísleyfur



Mynd 8. Álagsdreifing eftirlits eftir mánuðum og tilefni eftirlits



Mynd 9. Álagsdreifing eftirlits og skipting eftir málaflokkum

Skráning á eftirliti í gegnum eftirlitskerfið Ísleyf var tekin upp á árinu 2020. Það er skráningarkerfi sem Matvælastofnun leggur til. Um er að ræða kerfisbreytingu hafði í för með sér aukna vinnu í byrjun en vonir standa til að þetta starf eigi eftir að skila sér þegar kemur að því að birta frammistöðumat hjá matvælafyrirtækjum, sem matvælalögin gera ráð fyrir að komist til framkvæmda á næstu misserum.


Úr eftirlits- og skýrslukerfinu Ísleyfi er hægt að draga forvitnilegar myndir eins og á mynd 8 þar sem hægt er að sjá deifingu eftirlits sem er skráð þar inn og tilefni ferðar. En á mynd 9 koma fram sömu eftirlitsferðir með skiptingu eftir málaflokkum. Það verður að taka fram að mengandi starfsemi var minna skráð í kerfið Ísleyf á árinu 2022 en árin á undan, heldur var skýrslum skilað með öðrum hætti sem skýrir að einhverju leyti færri ferðir af því tilefni. Áherslan var á matvælafyrirtæki enda kerfið búið til utan um matvælaeftirlit.

Sýnataka og niðurstöður

Tafla 4. Sýnatökur flokkaðar


Gerð sýnis	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Samtals
Baðvatn	92	11		103
Neysluvatn	152	13	2	167
Yfirborðsvatn			55	55
Náttúrlaugar	6			6
Matvæli	6		1	7
Önnur sýni			1	1
Samtals	256	24	59	339

Á hverju ári taka heilbrigðisfulltrúar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fjölda sýna með megináherslu á neysluvatn. Jafnframt er vel fylgst með gæðum baðvatns sund- og baðstöðum og farið að jafnaði a.m.k. einu sinni á ári í sýnatökur á sund- og baðstaði, oftar ef þörf er á. Einnig er fylgst með fráveitum, matvælum og öðrum þáttum sem þurfa þykir hverju sinni. Fjöldi sýna og tegund sýna sem tekin voru á árinu 2022 er hægt að sjá í töflu 4.




Mynd 10. Samanburður allra sýna eftir árum

Árið 2022 voru alls 339 sýni tekin hjá embættinu sem er svipað og í meðalári, eins og yfirlitið á mynd 10 hér að framan sýnir með súluriti fyrir árin 2007-2022 þar sem grænu súlurnar eru fjöldi sýna sem uppfylla kröfur viðkomandi reglugerða og rauðu súlurnar tákna ófullnægjandi niðurstöður. Á mynd 11 sést hlutfall ófullnægjandi niðurstaðna í baðvatnssýnum í skífuriti og á sama hátt sýnir mynd 12 hlutfall neysluvatns. Fjöldi sýna í reglubundnu eftirliti byggist á sýnatökuáætlun sem liggur fyrir í upphafi árs fyrir árið. Sýnatökur eru endurteknar standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar. Gefinn er frestur til endurbóta áður en sýnataka er endurtekin nema ef að staðfesta þarf grun um mengun eða smit. Í þeim tilfellum er ný sýnataka framkvæmd svo fljótt og auðið er eftir að niðurstöður liggja fyrir. Sum sýni eru tekin sem hluti af samræmdum eftirlitsverkefnum á landsvísi en önnur sem hluti af reglubundnu eftirliti, að sérstakar ástæður kalla á sýnatöku eða annað tilfallandi.



Mynd 11. Skífurit yfir niðurstöður baðvatnssýna



Mynd 12. Skífurit yfir niðurstöður neysluvatnssýna

Hollustuhættir

Hollustuháttafyrirtæki eru fjölbreytt og mismunandi kröfur gerðar s.s. grunnskólum og leikskólum, sund- og baðstöðum, snyrtistofum, hársnyrtistofum, heilbrigðisstofnunum, gististöðum og svo mætti lengi telja. Þó gildir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti um öll þessi fyrirtæki. Sú reglugerð er í endurskoðun um þessar mundir og standa vonir til að að ný reglugerð um málaflokkinn verði birt fljótlega. Eftirlit 2022 á sviði hollustuhátta komst aftur í fremur hefðbundinn farveg með fjölda bæjarhátíða og annarra útihátíða sem aftur voru leyfilegar eftir Covid-19 heimsfaraldur en hafði árin á undan verið takmarkað þar sem ekki var auðvelt að tryggja sóttvarnir s.s. fjarlægðarmörk.

Fjallaskálar

Fjallaskálum fer stöðugt fjölgandi á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem sífelld fleiri slíkir skálar eru settir í rekstur með almenna sölu gistingar. Fjallaskálar er sérstakur málaflokkur þar sem um einfaldari gistingu er að ræða en almennt gerist og minni kröfur um aðstöðu og búnað. Til dæmis eru ekki sömu kröfur um stærð svefnaðstöðu, ekki er skylt að hafa baðaðstöðu og ekki skylt að hafa neysluhæft vatn í fjallaskálum, en það er venjulega tekið sérstaklega fram á staðnum með merkingum sbr. mynd 14



Mynd 13. Merkingar fyrir óneysluhæft vatn í fjallaskála

Sundstaðir

Öryggismerkingar á sund- og baðstöðum hafa tekið framförum á undanförunum árum og er mikilvægt öryggisatriði að merkingar séu í lagi. Á mynd 15 er dæmi um slíkar öryggismerkingar, sjá einnig slóð á leiðbeiningar: <https://ust.is/graent-samfelag/hollustuhaettir/sundstadir/oryggismerkingar/> Heilnæmi baðvatns er svo annar mikilvægur hluti eftirlits heilbrigðiseftirlits. Á árinu 2022 voru tekin 103 sýni úr sundlaugavatni í þeim tilgangi að kanna heilnæmi baðvatnsins. Af þeim stóðust 92. Þegar sýni fellur er það ávallt tilkynnt rekstraraðila um leið og niðurstaða berst og þeim gert að fara í viðeigandi ráðstafanir sem fela í sér bætt hreinsun á baðvatninu. Ef bakterían *Pseudomonas aeruginosa* (getur



Mynd 14. Öryggismerkingar í sundlaug

valdið eyrnasýkingum, sárasykingum, þvagfærasýkingum o.fl.) greinist í baðvatnssýni er þess krafist að laugin sé þegar tæmd og að gagnger þrif og sótthreinsun séu gerð. Hægt er að lesa sér til um þessa óæskilegu bakteríu í handbók um sund- og baðstaði á heimasíðu HSL ásamt öðrum fróðleik um öryggisþætti ofl. um rekstur sundlauga, sjá slóð: <https://hsl.is/wp-content/uploads/2021/03/Handbok-um-sund-og-badstadi.pdf>

Matvæli

Um matvælaeftirlit gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum ásamt fjölmörgum reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Ekki síst þarf að tryggja að upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda í matvælum rati til neytenda til að koma í veg fyrir sjúkdóma vegna þeirra. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eða ekki og hvort sem um er að ræða lögaðila eða einstakling. Á það jafnframt bæði við um einkarekin og opinber fyrirtæki. Auk þess gilda um matvælafyrirtæki mengandi skilyrði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Á Suðurlandi er framleiðsla á grænmeti og öðrum garðávöxtum umfangsmikil starfsemi með tilheyrandi eftirliti heilbrigðiseftirlits. Mikilvægur hluti af því eftirliti er sýnataka vegna varnarefna. Þess má geta að í gróðurhúsaræktun er nánast engin notkun á slíkum plöntuvarnavörum við framleiðsluna heldur er notast við lífrænar varnir. Engu að síður er sýnataka til greininga varnarefna nauðsynleg til að færa sönnur á að ekki séu slíkar leyfar í íslenskri framleiðslu.



Mynd 15. Merkingar á vatnsverndarsvæði

Helstu verkefni heilbrigðiseftirlits í matvælaeftirliti:


- ✓ Standa vörð um öryggi og heilnæmi matvæla með eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu.
- ✓ Hafa eftirlit með matvælaöryggiskerfi /innra eftirliti fyrirtækja.
- ✓ Hafa eftirlit með öflun og dreifingu neysluvatns og umgengni vatnsverndarsvæða.
- ✓ Fylgja eftir að viðhald og umgengni um húsnæði og athafnasvæði matvælafyrirtækja sé í lagi
- ✓ Fylgjast með því að farið sé að reglum um merkingar matvæla svo neytendur hafi sem gleggstar upplýsingar um næringargildi, innihaldsefni og geymslupól vörunnar.
- ✓ Hafa eftirlit með að notkun aukefna og varnarefna í matvælum sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- ✓ Taka sýni úr matvælum og umhverfi svo hægt sé að fylgjast með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í fyrirtækinu og rétt sé staðið að framleiðslu og geymslu matvælanna.
- ✓ Gefa umsagnir um rekstrarleyfi fyrir gististaði og veitingaleyfi sbr. lög nr. 85/2007
- ✓ Miðla og dreifa fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir matvælafyrirtæki, starfsfólk og almenning.

Á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er að finna fræðslu og leiðbeiningar varðandi matvælaeftirlit, sjá slóð: <https://hsl.is/um-hsl/verkefni-fraedsla/matvaeli/>

Vöktun neysluvatns

Neysluvatn er matvæli í skilningi matvælaganna. Eftirlit með vatnsveitum fer fram með sýnatöku á neysluvatni auk þess sem innra eftirlit vatnsveitna, vatnsbólun og vatnsverndarsvæðin eru metin af heilbrigðisfulltrúum í eftirliti. Kröfur eru gerðar um að brunnsvæði séu afgirt og tryggt að svæði umhverfis vatnsból séu friðuð fyrir búpeningi og annarri mengun og að umgengni sé takmörkuð t.d. með merkingum. Á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru fjölmargar vatnsveitur og var heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatns 144 á árinu 2022. Stærstu vatnsveiturnar eru reknar af sveitarfélögunum. Alls voru tekin 167 sýni af neysluvatni á árinu 2022. Af þeim voru 152 af fullnægjandi gæðum, 13 voru ófullnægjandi. Fjöldi neysluvatnssýna var svipaður og í meðalári.

Samanburð milli ára má lesa út úr mynd 17 sem er súlurit með heildarfjölda sýna ásamt línuriti með fjölda ófullnægjandi sýna hvert ár fyrir sig. Línuritið gefur skýra mynd af hlutfalli sýna sem falla í sýnatöku, þ.e. uppfylla ekki gæðakröfur viðkomandi reglugerða. Í heild má segja að ástand neysluvatns hafi verið gott á Suðurlandi á árinu 2022. Þó er ástæða til að hvetja til þess að fækka litlum vatnsveitum og einkavatnsbólum. Sameinast verði um að byggja upp vatnsveitur þar sem vatni frá bestu vatnsbólum viðkomandi svæðis verði dreift til sem flestra. Aðgangur að hreinu og heilnæmu vatni er forsenda fyrir búsetu og matvælaframleiðslu. Hér á landi eru sérstakar aðstæður varðandi neysluvatn þar sem neysluvatni er almennt veitt ómeðhöndluðu til neytenda. Hinn jarðfræðilega ungi berggrunnur Íslands síar vel það vatn sem um hann rennur. Til að þau vatnsgæði skili sér til neytenda er ekki síður mikilvægt að haga frágangi vatnsbóla með þeim hætti að ekki komist yfirborðsvatn að til að menga neysluvatnið. Þá er mikilvægt í rekstri vatnsveitna að koma á og innleiða virkt innra eftirlit til að koma megi í veg fyrir óhöpp í vatnsveitum svo sem kostur er. Reynslan hefur sýnt að gott innra eftirlit getur hindrað slæmar upptækingar eins og mengun af ýmsum toga.



Mynd 16. Samanburður niðurstaðna neysluvatns milli ára

Áhættumat fyrir neysluvatn

Undanfarið hefur verið unnið að gerð áhættumatskerfis fyrir lítil vatnsból og tengt við eftirlitsgrunn heilbrigðiseftirlitsins. Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra heilbrigðisfulltrúa og Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands og kom Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að verkefninu meðan það var í undirbúningi með margvíslegum hætti s.s. eftirliti vatnsbóla og sýnatökum. Á þessari vinnu

getum við byggt í framtíðinni og nýtt áhættumatið okkur til framdráttar. Gögn til að gera áhættumat með þessari aðferð fást hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til allra vatnsveitna á svæðinu ef eftir því er leitað.

Athugun með með þessum hætti hefur leitt í ljós að algengustu áhættuþættir í litlum vatnsbólum eru:

- að vera óaðgengileg (niðurgrafið/ósýnilegt),
- yfirfallsrör vanti,
- dýraskítur finnst við vatnsból (búfénaður á beit á brunnsvæði?) og
- að meindýr geti mögulega komist í vatnsból.

Það síðastnefnda á til dæmis við ef músanet vantar á útloftun. Ef brunnar sitja of neðarlega í landinu er hættu á yfirborðsvatni í leysingum og stórrigningum. Einnig er algengt að vatnsból séu óafgirt en gerð er krafa um að brunnsvæði sé afgirt að lágmarki 5 m radíus frá brunni. Vonir standa til að áhættumatskerfið nýtist heilbrigðisfulltrúum við að samræma verklag og auðvelda áhættumat vatnsbóla samhliða eftirliti með gæðum neysluvatnsins.



Mynd 17. Heildarúttektir neysluvatns með efnagreiningum

Efnagreiningar á neysluvatni

Sýnatökur vegna heildarefnagreininga á vatni voru 17 talsins á árinu 2022. Slíkar sýnatökur voru gerðar í öllum stærri vatnsveitum á svæðinu að þessu sinni og hefur fjöldi heildarúttekta ekki verið meiri síðan árið sem Suðurlandsskjálftinn reið yfir árið 2008. Niðurstöður úr efnagreiningum voru allar fullnægjandi skv. neysluvatnsreglugerð. Mynd 18 sýnir fjölda sýna til heildarúttektar og samanburð milli ára.

ESA úttektir

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, og gerir ríkjunum þannig kleift að taka þátt á innri markaði Evrópu. Úttektir ESA eru yfirleitt 2 - 4 hér á landi. Á meðfylgjandi slóð er fróðleikur um ESA: <https://www.eftasurv.int/esa-at-a-glance>

Umhverfis- og mengunarvarnir


Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem er ætlað að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál. Um þennan málaflokk gilda lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir auk fjölda reglugerða byggðum á þeim. Heilbrigðisfulltrúar á umhverfis- og mengunarvarnarsviði sinna þessum þáttum auk þess að sinna sýnatökum úr fráveitum og umhverfi, gefa umsagnir vegna skipulagsmála og sinna samstarfsverkefnum við aðrar stofnanir er lúta að umhverfis- og mengunarvörnum.

Starfsleyfisútgáfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði

Nokkur vinna er fólgin í útgáfu starfsleyfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í reglugerðinni er krafa um móttöku umsóknarinnar, og auglýst sé tillaga að starfsleyfisskilyrðum með athugasemdafresti í fjórar vikur og eru slíka auglýsingar algengar á heimasíðu HSL. Að auglýsingatíma liðnum er á sama stað auglýst útgáfa starfsleyfisins auk greinargerðar um málsmeðferðina, með upplýsingum um kæruleiðir og kærufresti.

Lóðir og lendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hóf átak varðandi hreinsun lóða og lendna mars 2019. Verkefninu hefur verið fram haldið en nú er svo komið að það hefur verið innleitt sem hluti af reglubundnum verkefnum starfsmanna Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Verkefni þessi eru umfangsmikil og tímafrek en töluvert hefur áunnist á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir.




Mynd 18. Yfirlit yfir fjölda mála um tiltekt á lóðum og lendum skipt eftir sveitarfélögum

Verkefnið er þannig að eftir ábendingar frá sveitarfélagi fer heilbrigðisfulltrúi á vettvang til að sannreyna að ábendingin eigi við rök að styðjast vegna viðkomandi lóðar. Reynt er að hafa uppi á umráðamanni eða eiganda lóðar og viðfangsefnið kynnt fyrir honum og ef um er að ræða fleiri en einn eiganda lóðar er reynt að hafa upp á öllum sem hlut eiga að máli. Ástand lóðar er metið og teknar er

myndir á staðnum. Ef ekki tekst að ná sambandi við lóðarhafa á vettvangi er hringt í viðkomandi við fyrsta tækifæri. Að loknu eftirliti er útbúið myndaskjal ásamt bréfi, ef umgengni er ábótavant, sem svo er sent í pósti á skráðan lóðarhafa og er gefinn 4 vikna frestur til úrbóta. Að fresti liðnum er haft samband við lóðarhafa á ný og kannað hver staðan á lóðarhreinsun er. Ef hreinsun lóðarinnar er ólokið hefur verið boðið upp á framlengdan frest til að klára tiltekt. Ef hins vegar lóðarhafi sýnir engan vilja eða áhuga á að bæta úr umgengni á lóð getur hann átt von á að fá sent annað bréf að loknum fresti þar sem 2 vikna lokafrestur er gefinn til úrbóta. Að þeim tíma liðnum getur HSL látið hreinsa viðkomandi lóð á kostnað lóðarhafa. Ekki hefur enn verið gripið til þess úrræðis að HSL láti fara fram hreinsun á lóðum á kostnað lóðarhafa/-eiganda. Í flestum tilfellum er vilji til að fara í slíka hreinsun. Það er þó ekki algilt.

Bréf hafa verið send vegna umgengni á lóðum 13 sveitarfélaga af 14. Um var að ræða íbúðarlóðir, frístundalóðir, iðnaðarlóðir og jarðir. Skráðir eigendur/lóðarhafar hafa ýmist verið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög. Oft og tíðum þarf ítrekað að minna eigendur á skyldur sínar varðandi umgengni. Á mynd 19 hér að framan má sjá heildarfjölda lóða/mála eftir sveitarfélögum ásamt fjölda lóða þar sem hreinsun er lokið.



Mynd 19. Álímd bílflök og lausamunir

Jafnframt hreinsun á lóðum og lendum eins og lýst er hér að framan eru fjarlægð bílflök og aðrir lausamunir á almannafæri s.s. opnum svæðum og lóðum sveitarfélaganna að undangenginni álímingu aðvörunar til eigenda með fresti til að fjarlægja hlutinn. Á síðasta ári voru þessi mál 26 talsins og aðvörunarmiðar límdir á 56 bílflök og lausamuni, sem voru nokkuð færri en árið á undan. Á mynd 20 sést hvernig þessi verkefni skiptast niður á sveitarfélögin. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem falla undir bein framlög sveitarfélaganna en er ekki sérstaklega innheimt fyrir af hálfu HSL.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áformar að fara í áttak um álímingar á númerslausa bíla á einkalóðum með svipuðum hætti og með álímingar á almannafæri.

Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða

Lóðarhafar eru ábyrgir fyrir því að umgengni lóðar sé í samræmi við lög og reglugerðir. Þannig segir í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti:

18. gr, 1. mgr.: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“,

20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“

og 21 gr.: „Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum“.

Í reglugerð nr. 737/2003 um meðferð úrgangs, segir:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrífnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrífnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.


Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu“.

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað í gr. 60-61 laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. sömu laga. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Vöktun loftgæða

Vöktun Umhverfisstofnunar á loftgæðum með tilliti til svifryks, koldíoxíðs (CO_2) og brennisteinsvetnis (H_2S) er birt á vefnum www.loftgaedi.is. Slíkir mælar eru staðsettir víðsvegar um landið en flest þessara mælitækja eru á höfuðborgarsvæðinu. Ástand loftgæða má sjá með litakóða á vefnum og staðsetningu.




Mynd 20. Vöktun brennisteinsvetnis vegna jarðvarmavirkjana á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Mælar til að vakta styrk brennisteinsvetnis (H_2S) af völdum jarðvarmavirkjananna eru staðsettir í Norðlingaholti í Reykjavík, við Finnmörk í Hveragerði, í Lækjarbotnum, Kópavogi, og Lambhaga í Úlfarsárdal í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur með höndum vöktun þessara loftgæðamæla vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Sjá mynd 21 sem sýnir staðsetningu og vindrósir eins og það lítur út á vefnum. Niðurstöður mælinga má ávallt lesa beint á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sjá slóð: <https://gogn.vista.is/vdv.php/rtd/230> Jafnframt eru loftgæðamælar við virkjanirnar sjálfar þar sem niðurstöður eru miðaðar við vinnuverndarmörk. Þar sem um vinnustaði er að ræða gildir um þá reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Lofthreinsistöð hefur verið starfrækt við Hellisheiðarvirkjunin frá því um mitt ár 2014 þegar fyrsta áfanga lofthreinsistöðvar var hleypt af stokkunum. Fram að þeim tíma voru engar ráðstafanir gerðar til að draga úr brennisteinsvetnismengun frá virkjuninni. Í lok árs 2017 var afkastageta lofthreinsistöðvar virkjunarinnar á Hellisheiði aukin og og aftur á árinu 2019 þegar töluverður árangur náðist. Er nú hreinsaður útblástur frá öllum vélarsamstæðum í aðalhusi Hellisheiðarvirkjunar sem og í Sleggju og hreinsar lofthreinsistöðin stóran hluta af H_2S sem losnar við vinnslu jarðhitavökvans í virkjuninni. Árangurinn má lesa út úr mynd 22 og að mæligildin við Hellisheiðarvirkjun uppfylla nú kröfur sem gerðar eru til loftgæða í íbúabyggð. Línuritð sem sýnir mæligildin frá Hellisheiðarvirkjun er einungis sett hér inn til að sýna árangurinn sem hefur orðið af lofthreinsistöðinni.

Ársmeðaltal H_2S á árunum 2013 - 2022 hefur ekki farið yfir skilgreind mörk reglugerðar nr. 514/2010 sem gildir um íbúasvæði. Í Hveragerði reyndist ársmeðaltalið $5,2 \mu g/m^3$ árið 2022 sem er $0,2 \mu g/m^3$ yfir hámarksgildi en er innan skekkjumarka sem gefin eru. Að öðru leyti sýnir mynd 22 að ársmeðaltal hefur ekki farið yfir skilgreind mörk ársmeðaltals í byggð síðan árið 2013.

Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri. Hafrannsóknarstofnun um kvörðun mælanna. Mælarnir eru í eigu Orku náttúrunnar (ON) sem rekar virkjanirnar. Á vef HSL er að finna skýrslur um mælingar brennisteinsvetnis nokkur ár aftur í tímann. Í undirbúningi er lofthreinsun á útblæstri frá Nesjavallavirkjun.



Mynd 21. Samanburður ármeðaltals H_2S mælinga milli ára

Reglugerðarákvæði

Í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti með breytingu í reglugerð 715/2014 eru gerðar eftirfarandi kröfur varðandi styrk H_2S í andrúmslofti:

Umhverfismörk:

- Styrkur hlaupandi 24 klst meðaltals má fara yfir styrkinn $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ mest 3 sinnum á ári.
- Ársmeðaltal má hæst vera $5 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Tilkynningarmörk:

- Tilkynna skal ef styrkur mælist yfir $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í 3 klst samfelld.

Árið 2022 eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á öllum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H_2S loftgæðamælum.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór hvernig yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu. Ársmeðaltal fór ekki yfir mörk. Styrkur fór ekki yfir tilkynningarmörk á árinu.

Vatnaáætlun 2022-2027

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Með stjórn vatnamála á að koma á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnsýslumörkum. Umhverfisstofnun með aðkomu Veðurstofu Íslands og Orkustofnun stýrir málaflokknum. Fyrsta vatnaáætlun fyrir Ísland (2022-2027) hefur verið staðfest af umhverfis, orku og loftlagsráðherra og tekur þar með gildi til næstu sex ára. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Jafnframt er í vatnaáætlun búið að setja fram ástand vatns á landinu og setja fram aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í þeim tilgangi að vatn haldi núverandi gæðum eða að þau verði bætt á þeim stöðum sem ástandið er ekki viðunandi. Allar upplýsingar um vatnaáætlun kemur fram á vefnum: <http://vatn.is/>

Mikilvægt skref í vatnamálum var tekið á Suðurlandi þegar samþykkt um vatnsvernd fyrir allt svæðið var samþykkt á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2021. Sjá samþykktina í heild á slóð: https://hsl.is/wp-content/uploads/2022/04/samthykkt_um_vatnsvernd_B_nr_326_2022.pdf

Fráveitumál

Eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem hafa verið sett í forgang eru fráveitumálin. Sveitarfélög bera ábyrgð á uppbyggingu fráveitna skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru starfsleyfisveitendur fyrir fráveitur, útrásardælustöðvar og skólphreinsistöðvar, sbr. reglugerð nr. 550/2008 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Hreinsun skólps

Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er að finna viðmið um hversu ítarlega skal hreinsa skólp áður en því er veitt í viðtaka. Stig hreinsunar eru:

- Grófhreinsun** er hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun í viðtaka.
- Eins þreps hreinsun** er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD5-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.
- Tveggja þrepa hreinsun** er frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli. Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t.d. vera tveggja þrepa hreinsun.

- d) **Ítarlegri hreinsun** er hreinsun umfram tveggja þrepa hreinsun þar sem hreinsa skal úr skólpi þætti sem valda neikvæðum áhrifum í viðtaka, t.a.m. næringarefni á borð við nitur og fosfór, örverur og gerla, svifagnir á borð við örplast o.fl. sem viðtakinn telst viðkvæmur fyrir.
- e) **Viðunandi hreinsun** er hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar svo að tilgreindum gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð. Viðunandi hreinsun getur því verið aðeins grófhreinsun, eins eða tveggja þrepa hreinsun eða ítarleg hreinsun, allt eftir aðstæðum og skilgreiningu viðtaka.

Fráveita frá þéttbýli

Almenna reglan er að allt skólp skuli hreinsa með tveggja þrepa hreinsun. Frá henni eru þó ýmsar undantekningar, sérstaklega þegar kemur að losun skólps frá þéttbýli. T.d. þarf þéttbýli sem losar undir 2.000 PE í yfirborðsvatn eða undir 10.000 PE í strandsjó aðeins að hreinsa skólp með viðunandi hreinsun. Þéttbýli sem losa meira en 2.000 PE í yfirborðsvatn skulu hreinsa skólp með tveggja þrepa hreinsun og þéttbýli sem losa skólp í viðtaka sem skilgreindur hefur verið sem viðkvæmur skulu hreinsa skólp með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.

Skv. niðurstöðu gagnaskila UST vegna losunar skólps frá þéttbýli fyrir árið 2020 uppfyllir ekkert þéttbýli á Suðurlandi að fullu þær kröfur sem gerðar eru varðandi hreinsun skólps skv. rgl. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Vatnaáætlun sem áður hefur verið vikið að felur í sér aðgerðaráætlun sem snýr að frágangi fráveitna og eru þrjú vatnshlot í óvissu skv. mati vatnasvæðanefnda svæðisins. Það leiðir af sér þrjú verkefni í þéttbýli á Suðurlandi sem sérstaklega eru dregin fram í áætluninni, þ.e. Selfoss, Hvolsvöllur og Hella. Þar með er ekki verið að halda því fram að aðrar fráveitur á Suðurlandi séu í viðunandi ástandi sbr. mynd 23 af útrás fráveitu í sjó. Sjá slóð á skýrsluna 2020: https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskysla_fraveitumala_2020.

HSL tekur undir með skýrsluhöfundum þar sem segir: „Á árinu 2022 er afar brýnt að ný reglugerð um fráveitur og skólp líti dagsins ljós og að samtímis verði gefnar út leiðbeiningar til sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlita s.s.:

- Leiðbeiningar um eftirlit í hreinsistöðvum og vöktun í viðtaka.
- Leiðbeiningar um minni hreinsivirki.
- Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir eins þreps hreinsistöðvar, tveggja þrepa hreinsistöðvar og viðeigandi hreinsun. Umrædd reglugerð kom ekki út á árinu 2022 og hefur enn ekki litið dagsins ljós á vormánuðum 2023. Engu að síður hefur verið unnar leiðbeiningar m.a. Leiðbeiningar um minni hreinsivirki sjá slóð: https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%C3%B0b_minni%20fr%C3%A1veitur_LOKA.pdf Leiðbeiningarnar voru unnar af EFLU verkfræðistofu í samstarfi við Umhverfisstofnun. Rýni og sérfræðiálit var fengið frá Mannviti verkfræðistofu og heilbrigðiseftirlitum um allt land. Jafnframt hafa samræmd



Mynd 22. Útrás í sjó

starfsleyfisskilyrði fyrir hreinsistöðvar verið gerð. Tækniframfarir hafa orðið í fráveitumálum og hefur kostnaður jafnframt lækkað við fráveitulausnir.

Fráveita í dreifbýli

Í dreifbýli eru rotþrær einkum notaðar við fráveitur, en rotþró ásamt siturlögn er skilgreind sem ígildi tveggja þrepa hreinsunar. Við ákveðnar aðstæður þarf þó að beita meiri tækni og betri hreinsun. Í flestum fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi eru nú komin ákvæði um losun seyru bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð. Í framhaldi af þeirri þjónustu hefur jafnframt verið unnið að förgun/nýtingu seyru.

Breyting varð á reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Nýjar leiðbeiningar um fráveitur á verndarsvæðinu voru samhliða gefnar út og birtar á heimasíðu HSL, sjá slóð: https://hsl.is/wp-content/uploads/2022/03/leidbeiningar_hsl_um_fyrirkomulag_skolphreinsunar_vid_thingvallavatn_ut_gefnar_28072021.pdf

Endurvinnsla á seyru

Seyra er skilgreind sem sá fasti lífræni úrgangur sem verður til þegar fráveituvatn er unnið þannig að vökvi og föst efni eru aðskilin. Seyra er líffræðilega virk blanda af vatni og lífrænum efnum og örverum, þ.m.t. sýklum. Seyra hefur fjölbreytt innihald næringarefna eins og til dæmis nitur og fosfór ásamt öðrum lífrænum og ólífrænum efnum auk snefilefna. Á heildina litið eru þetta efni sem eru mjög hentug fyrir vöxt plantna og uppgræðslu jarðvegs. Árið 2011 hófst verkefni sem snerist um að safna seyru í Uppsveitum Árnessýslu, Ásahreppi og í Flóa. Seyrunni er safnað í þar til gert húsnæði sem hefur verið komið upp fyrir starfseminu, hún er kölluð til að afvirkja sjúkdómsvaldandi bakteríur og er síðan dreift til landgræðslu á afmörkuðu svæði á Hrunamannafrétti.


Vöktun á viðtaka

Sýnataka vegna fráveitu til að kanna mengun í viðtaka hefur verið nokkuð umfangsmeiri á árinu 2022 en undanfarin ár. Viðmiðunarmörk fara sk.v reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. En þar eru sett fram umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni vegna útivistar.




Mynd 23. Sýnataka á yfirborðsvatni

Fjármál og rekstur



Mynd 24. Bein framlög sveitarfélaga til rekstar 2022

Framlag hvers aðildarsveitarfélags til rekstar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram á mynd 25 hér að framan, myndin skýrir sig sjálf. Framlagið skiptist á skráða íbúa sveitarfélaga 1. janúar 2022 og reiknast gjald pr. íbúa tæpar 1.339 kr.




Mynd 25. Fjárhagsáætlun, eftirlitsgjöld og hlutfall framlaga sveitarfélaganna

Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna annars vegar og eftirlitsgjalda og annarrar gjaldtöku hins vegar kemur fram á mynd 26 hér að framan og til útskýringar á myndinni vísar súluritið til tekna í krónum á vinstri y-ás. Á hægri y-ás koma fram prósentutölur þannig að hlutfall framlags sveitarfélaganna í rekstri eftirlitsins kemur fram sem línurit og sýnir línuritið þróun milli ára. Á x-ásnum eru ártölin. Mynd 27 sýnir helstu kostnaðarliði hlutfallslega í skífuriti.

Í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands b.s. 2022 kemur m.a. fram að „*Rekstraraðfærsla eftirlitsins var neikvæð um 2,5 m.kr. og munar þar mestu gjaldfærsla á hækkun lífeyrisskuldbindingar. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 82,7 m.kr. í lok ársins. Heimsfaraldur af völdum COVID-19 hefur haft takmörkuð áhrif á starfsemi félagsins. Áhrif stríðsátaka í Úkraínu hafa einnig haft lítil áhrif á starfsemina en áhrifin á efnahagslíf almennt eru þó nokkur, svo sem hækkandi verðbólga. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nr. 1270/2021. Starfssvæði embættisins eru 14 sveitarfélög á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði og verið hefur. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi.*“

Þrátt fyrir tap í ársreikningi þá stóð reglubundinn rekstur embættisins í jörnum eins og lesa má út úr ársreikningi. Afkoman skv. ársreikningi á árinu 2022 var neikvæð um 2,5 milljónir.

Eiginfjárstaða embættisins er töluvert neikvæð, eigið fé um 82,7 milljónir eins og áður greinir og hefur nánast tvöfaldast á sl. tveimur árum. Ef litið er lengra aftur í tímann, eða til ársins 2019 þá var eigið fé það ár skv. ársreikningi neikvætt um 24,8 milljónir.



Mynd 26. Helstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. ársreikningi

Lokaorð

Þegar horft er til baka var léttara yfirbragð á starfsemi heilbrigðiseftirlits árið 2022 eftir tveggja ára takmarkanir í heimsfaraldri. Ferðaþjónustan hresstist og bæjarhátíðir voru aftur með líku sniði og þær voru fyrir heimsfaraldur kenndan við COVID-19. Verkefnin eru eftir sem áður bæði fjölbreytt og óþrjótandi. Útgjöld voru í samræmi við það sem sett var fram í fjárhagsáætlun en tekjurnar voru meiri sem vitnar um að það var meira að gera hjá embættinu en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er mikils virði fyrir embættið. Við sjáum jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum hollustuhátta-, mengunar- og umhverfismálum. Við teljum að bestur árangur náist með slíkri samvinnu. Jafnframt er góð samvinna við aðrar stofnanir sem og aðildarsveitarfélögin hryggjarstykki í starfseminni og fyrir það ber að þakka.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa einhverja hugmynd um hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga og einnig að gefa hugmynd um fjármál og rekstur embættisins. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, hsl.is

Að lokum eru þakkir fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum við til að takast saman á við verkefnin framundan.

Selfossi 4. maí 2023

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri